

EFTIRFARANDI SAMNINGUR UM UPPGJÖR KAUPRÉTTAR er gerður þann 26. febrúar 2018

milli:

- (1) Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459;
- (2) Bankasýslu ríkisins (kt. 620909-0170), Borgartúni 3, 105 Reykjavík („**Bankasýslan**”);
- (3) Kaupskila ehf. (kt. 580609-0150), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupskil**”); og
- (4) Kaupþings ehf. (kt. 560882-0419), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupþing**”).

Hér á eftir verður vísað til samningsaðilanna allra sem „**aðila**” og hver þeirra nefndur „**aðili**”.

INNGANGUR:

- (A) Fjármálaráðuneyti fyrir hönd ríkissjóðs, Arion banki hf. og Kaupskil gerðu með sér hluthafasamning þann 3. september 2009, sem breytt var þann 13. janúar 2016 (hér verður vísað til hans, með breytingunum frá 13. janúar 2016, sem „**hluthafasamningsins**”), er varðar eignarhluti í Arion banka hf. (kt. 581008-0150), með skráð lögheimili að Borgartúni 19, 105 Reykjavík („**Arion**”);
- (B) við undirritun samnings þessa fer Bankasýslan fyrir hönd íslenska ríkisins með 260.000.000 hluti í Arion, að nafnverði 260.000.000 krónur („**hlutafé ríkisins**”);
- (C) Kaupskil hefur þann 15. febrúar 2018 sent Bankasýslunni tilkynningu um nýtingu kaupréttar, sem Kaupskil eiga samkvæmt hluthafasamningnum og varðar hlutafé ríkisins („**kauprétturinn**”); og
- (D) aðilarnir stofna til samnings þessa í því skyni að ákvarða þá skilmála sem gilda skulu um nýtingu Kaupskila á kaupréttinum.

1 UPPGJÖR VEGNA NÝTINGAR KAUPRÉTTARINS

- 1.1 Með undirritun samnings þessa fer fram uppgjör á nýtingu kaupréttarins að því er varðar allt hlutafé ríkisins.
- 1.2 Í samræmi við 9. gr. hluthafasamningsins skulu Kaupskil greiða fyrir hlutafé ríkisins kr. 23.452.703.837 („**kaupréttarverðið**”), sem svarar til upphaflegs stofnverðs hlutafjár ríkisins (kr. 9.862.068.944) framreiknað með áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi (samtals 10,810%). Áhættulausir vextir eru skilgreindir sem vextir RIKH 18 1009. Samningstíminn er skilgreindur sem sá dagur sem íslenska ríkið skráði sig fyrir hlutafénu, þ.e. 18. október 2008, til 26. febrúar 2018 („**nýtingardagur**”) og skal tilgreindur sem hlutfall úr ári með þremur aukastöfum (9,494). Framreikningur er veldisreikningur. Þá eru arðgreiðslur til íslenska ríkisins á samningstímanum dregnar frá (kr. 2.680.600.000).
- 1.3 Fari greiðsla skv. gr. 2.1 í þessum samningi fram síðar en á nýtingardegi skal kaupréttarverð hækka um fjárhæð sem nemur endurútreikningi á

kaupréttarverði í samræmi við forsendur útreikninga í 9. gr. hluthafasamningi, sbr. gr. 1.2. í þessum samningi.

2 GREIÐSLA OG AFHENDING

- 2.1 Kaupskil skuldbinda sig til þess að greiða kaupréttarverðið með greiðslu inn á bankareikning íslenska ríkisins nr. 0001-26-025017 þegar allir aðilar hafa undirritað samning þennan, þó aldrei fyrr en á nýtingardegi.
- 2.2 Efni Kaupskil greiðsluskyldu sína samkvæmt grein 2.1 skal Bankasýslan án tafar senda fyriræli til Seðlabanka Íslands, vörsluaðila hlutafjár ríkisins, um að hlutafé ríkisins skuli afhent til Kaupskila með því að flytja það inn á vörslusafn hjá Nasdaq CSD Iceland, sem Kaupskil mun tilkynna um til Bankasýslunnar.

3 FREKARI SKULDBINDINGAR AÐILA

Aðilarnir skulu, að því marki sem eðlilegt getur talist, vinna að því markmiði að samningur þessi verði efndur samkvæmt efni sínu, meðal annars með því að undirrita nauðsynleg skjöl og aðhafast annað það sem þörf er á til þess að hann verði efndur.

4 ÝMIS ÁKVÆÐI

- 4.1 Þegar hlutafé ríkisins hefur verið afhent Kaupskilum í samræmi við grein 2.2 og Kaupskil hafa greitt kaupréttarverðið í samræmi við grein 2.1 teljast viðskiptin að fullu upp gerð.
- 4.2 Þegar greiðsla og afhending samkvæmt grein 4.1 hefur átt sér stað falla niður þau réttindi og þær skyldur sem vísað er til í ákvæði 13.3 í hluthafasamningnum, með þeim undantekningum sem raktar eru í þeirri grein.
- 4.3 Samningur þessi er gerður í fjórum eintökum og öðlast hann gildi þegar hver aðili hefur undirritað eitt eintak hið minnsta.

5 LÖG OG LÖGSAGA

- 5.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 5.2 Rísi ágreiningur um efni samningsins eða túlkun hans sem aðilum tekst ekki að jafna, skal hann borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

[Undirritunarsíða fylgir]

Undirritað af
fyrir hönd íslenska ríkisins
fjármála- og efnahagsráðherra

) 
)

Undirritað af)
fyrir hönd Bankasýslu ríkisins)

Undirritað af)
fyrir hönd Kaupskila ehf.)

Undirritað af)
fyrir hönd Kaupþings ehf.)

EFTIRFARANDI SAMNINGUR UM UPPGJÖR KAUPRÉTTAR er gerður þann 26. febrúar 2018

milli:

- (1) Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459;
- (2) Bankasýslu ríkisins (kt. 620909-0170), Borgartúni 3, 105 Reykjavík („**Bankasýslan**“);
- (3) Kaupskila ehf. (kt. 580609-0150), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupskil**“); og
- (4) Kauppings ehf. (kt. 560882-0419), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupping**“).

Hér á eftir verður vísað til samningsaðilanna allra sem „**aðila**“ og hver þeirra nefndur „**aðili**“.

INNGANGUR:

- (A) Fjármálaráðuneyti fyrir hönd ríkissjóðs, Arion banki hf. og Kaupskil gerðu með sér hluthafasamning þann 3. september 2009, sem breytt var þann 13. janúar 2016 (hér verður vísað til hans, með breytingunum frá 13. janúar 2016, sem „**hluthafasamningsins**“), er varðar eignarhluti í Arion banka hf. (kt. 581008-0150), með skráð lögheimili að Borgartúni 19, 105 Reykjavík („**Arion**“);
- (B) við undirritun samnings þessa fer Bankasýslan fyrir hönd íslenska ríkisins með 260.000.000 hluti í Arion, að nafnverði 260.000.000 krónur („**hlutafé ríkisins**“);
- (C) Kaupskil hefur þann 15. febrúar 2018 sent Bankasýslunni tilkynningu um nýtingu kaupréttar, sem Kaupskil eiga samkvæmt hluthafasamningnum og varðar hlutafé ríkisins („**kauprétturinn**“); og
- (D) aðilarnir stofna til samnings þessa í því skyni að ákvarða þá skilmála sem gilda skulu um nýtingu Kaupskila á kaupréttinum.

1 UPPGJÖR VEGNA NÝTINGAR KAUPRÉTTARINS

- 1.1 Með undirritun samnings þessa fer fram uppgjör á nýtingu kaupréttarins að því er varðar allt hlutafé ríkisins.
- 1.2 Í samræmi við 9. gr. hluthafasamningsins skulu Kaupskil greiða fyrir hlutafé ríkisins kr. 23.452.703.837 („**kaupréttarverðið**“), sem svarar til upphaflegs stofnverðs hlutafjár ríkisins (kr. 9.862.068.944) framreiknað með áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi (samtals 10,810%). Áhættulausir vextir eru skilgreindir sem vextir RIKH 18 1009. Samningstíminn er skilgreindur sem sá dagur sem íslenska ríkið skráði sig fyrir hlutafénu, þ.e. 18. október 2008, til 26. febrúar 2018 („**nýtingardagur**“) og skal tilgreindur sem hlutfall úr ári með þremur aukastöfum (9,494). Framreikningur er veldisreikningur. Þá eru arðgreiðslur til íslenska ríkisins á samningstímanum dregnar frá (kr. 2.680.600.000).
- 1.3 Fari greiðsla skv. gr. 2.1 í þessum samningi fram síðar en á nýtingardegi skal kaupréttarverð hækka um fjárhæð sem nemur endurútreikningi á kaupréttarverði í samræmi við forsendur útreikninga í 9. gr.

hluthafasamningi, sbr. gr. 1.2. í þessum samningi.

2 GREIÐSLA OG AFHENDING

- 2.1 Kaupskil skuldbinda sig til þess að greiða kaupréttarverðið með greiðslu inn á bankareikning íslenska ríkisins nr. 0001-26-025017 þegar allir aðilar hafa undirritað samning þennan, þó aldrei fyrr en á nýtingardegi.
- 2.2 Efni Kaupskil greiðsluskyldu sína samkvæmt grein 2.1 skal Bankasýslan án tafar senda fyrirmæli til Seðlabanka Íslands, vörsluaðila hlutafjár ríkisins, um að hlutafé ríkisins skuli afhent til Kaupskila með því að flytja það inn á vörslusafn hjá Nasdaq CSD Iceland, sem Kaupskil mun tilkynna um til Bankasýslunnar.

3 FREKARI SKULDBINDINGAR AÐILA

Aðilarnir skulu, að því marki sem eðlilegt getur talist, vinna að því markmiði að samningur þessi verði efndur samkvæmt efni sínu, meðal annars með því að undirrita nauðsynleg skjöl og aðhafast annað það sem þörf er á til þess að hann verði efndur.

4 ÝMIS ÁKVÆÐI

- 4.1 Þegar hlutafé ríkisins hefur verið afhent Kaupskilum í samræmi við grein 2.2 og Kaupskil hafa greitt kaupréttarverðið í samræmi við grein 2.1 teljast viðskiptin að fullu upp gerð.
- 4.2 Þegar greiðsla og afhending samkvæmt grein 4.1 hefur átt sér stað falla niður þau réttindi og þær skyldur sem vísað er til í ákvæði 13.3 í hluthafasamningnum, með þeim undantekningum sem raktar eru í þeirri grein.
- 4.3 Samningur þessi er gerður í fjórum eintökum og öðlast hann gildi þegar hver aðili hefur undirritað eitt eintak hið minnsta.

5 LÖG OG LÖGSAGA

- 5.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 5.2 Rísi ágreiningur um efni samningsins eða túlkun hans sem aðilum tekst ekki að jafna, skal hann borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

[Undirritunarsíða fylgir]


Undirritað af)

fyrir hönd íslenska ríkisins)

fjármála- og efnahagsráðherra

Undirritað af)

fyrir hönd Bankasýslu ríkisins)



Undirritað af)

fyrir hönd Kaupskila ehf.)

Undirritað af)

fyrir hönd Kaupþings ehf.)

EFTIRFARANDI SAMNINGUR UM UPPGJÖR KAUPRÉTTAR er gerður þann 26. febrúar 2018

milli:

- (1) Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459;
- (2) Bankasýslu ríkisins (kt. 620909-0170), Borgartúni 3, 105 Reykjavík („**Bankasýslan**”);
- (3) Kaupskila ehf. (kt. 580609-0150), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupskil**”); og
- (4) Kaupþings ehf. (kt. 560882-0419), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupþing**”).

Hér á eftir verður vísað til samningsaðilanna allra sem „**aðila**” og hver þeirra nefndur „**aðili**”.

INNGANGUR:

- (A) Fjármálaráðuneyti fyrir hönd ríkissjóðs, Arion banki hf. og Kaupskil gerðu með sér hluthafasamning þann 3. september 2009, sem breytt var þann 13. janúar 2016 (hér verður vísað til hans, með breytingunum frá 13. janúar 2016, sem „**hluthafasamningsins**”), er varðar eignarhluti í Arion banka hf. (kt. 581008-0150), með skráð lögheimili að Borgartúni 19, 105 Reykjavík („**Arion**”);
- (B) við undirritun samnings þessa fer Bankasýslan fyrir hönd íslenska ríkisins með 260.000.000 hluti í Arion, að nafnverði 260.000.000 krónur („**hlutafé ríkisins**”);
- (C) Kaupskil hefur þann 15. febrúar 2018 sent Bankasýslunni tilkynningu um nýtingu kaupréttar, sem Kaupskil eiga samkvæmt hluthafasamningnum og varðar hlutafé ríkisins („**kauprétturinn**”); og
- (D) aðilarnir stofna til samnings þessa í því skyni að ákvarða þá skilmála sem gilda skulu um nýtingu Kaupskila á kaupréttinum.

1 UPPGJÖR VEGNA NÝTINGAR KAUPRÉTTARINS

- 1.1 Með undirritun samnings þessa fer fram uppgjör á nýtingu kaupréttarins að því er varðar allt hlutafé ríkisins.
- 1.2 Í samræmi við 9. gr. hluthafasamningsins skulu Kaupskil greiða fyrir hlutafé ríkisins kr. 23.452.703.837 („**kaupréttarverðið**”), sem svarar til upphaflegs stofnverðs hlutafjár ríkisins (kr. 9.862.068.944) framreiknað með áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi (samtals 10,810%). Áhættulausir vextir eru skilgreindir sem vextir RIKH 18 1009. Samningstíminn er skilgreindur sem sá dagur sem íslenska ríkið skráði sig fyrir hlutafénu, þ.e. 18. október 2008, til 26. febrúar 2018 („**nýtingardagur**”) og skal tilgreindur sem hlutfall úr ári með þremur aukastöfum (9,494). Framreikningur er veldisreikningur. Þá eru arðgreiðslur til íslenska ríkisins á samningstímanum dregnar frá (kr. 2.680.600.000).
- 1.3 Fari greiðsla skv. gr. 2.1 í þessum samningi fram síðar en á nýtingardegi skal kaupréttarverð hækka um fjárhæð sem nemur endurútreikningi á kaupréttarverði í samræmi við forsendur útreikninga í 9. gr.

hluthafasamningi, sbr. gr. 1.2. í þessum samningi.

2 GREIÐSLA OG AFHENDING

- 2.1 Kaupskil skuldbinda sig til þess að greiða kaupréttarverðið með greiðslu inn á bankareikning íslenska ríkisins nr. 0001-26-025017 þegar allir aðilar hafa undirritað samning þennan, þó aldrei fyrr en á nýtingardegi.
- 2.2 Efni Kaupskil greiðsluskyldu sína samkvæmt grein 2.1 skal Bankasýslan án tafar senda fyrirmæli til Seðlabanka Íslands, vörsluaðila hlutafjár ríkisins, um að hlutafé ríkisins skuli afhent til Kaupskila með því að flytja það inn á vörslusafn hjá Nasdaq CSD Iceland, sem Kaupskil mun tilkynna um til Bankasýslunnar.

3 FREKARI SKULDBINDINGAR AÐILA

Aðilarnir skulu, að því marki sem eðlilegt getur talist, vinna að því markmiði að samningur þessi verði efndur samkvæmt efni sínu, meðal annars með því að undirrita nauðsynleg skjöl og aðhafast annað það sem þörf er á til þess að hann verði efndur.

4 ÝMIS ÁKVÆÐI

- 4.1 Þegar hlutafé ríkisins hefur verið afhent Kaupskilum í samræmi við grein 2.2 og Kaupskil hafa greitt kaupréttarverðið í samræmi við grein 2.1 teljast viðskiptin að fullu upp gerð.
- 4.2 Þegar greiðsla og afhending samkvæmt grein 4.1 hefur átt sér stað falla niður þau réttindi og þær skyldur sem vísað er til í ákvæði 13.3 í hluthafasamningnum, með þeim undantekningum sem raktar eru í þeirri grein.
- 4.3 Samningur þessi er gerður í fjórum eintökum og öðlast hann gildi þegar hver aðili hefur undirritað eitt eintak hið minnsta.

5 LÖG OG LÖGSAGA

- 5.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 5.2 Rísi ágreiningur um efni samningsins eða túlkun hans sem aðilum tekst ekki að jafna, skal hann borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

[Undirritunarsíða fylgir]



Undirritað af)
fyrir hönd Íslenska ríkisins)
fjármála- og efnahagsráðherra

Undirritað af)
fyrir hönd Bankasýslu ríkisins)

Undirritað af)
fyrir hönd Kaupskila ehf.)

Þórunn Kristjánsson e.h.f.

Undirritað af)
fyrir hönd Kaupþings ehf.)

EFTIRFARANDI SAMNINGUR UM UPPGJÖR KAUPRÉTTAR er gerður þann 26. febrúar 2018

milli:

- (1) Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459;
- (2) Bankasýslu ríkisins (kt. 620909-0170), Borgartúni 3, 105 Reykjavík („**Bankasýslan**“);
- (3) Kaupskila ehf. (kt. 580609-0150), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupskil**“); og
- (4) Kaupþings ehf. (kt. 560882-0419), Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Kaupþing**“).

Hér á eftir verður vísað til samningsaðilanna allra sem „**aðila**“ og hver þeirra nefndur „**aðili**“.

INNGANGUR:

- (A) Fjármálaráðuneyti fyrir hönd ríkissjóðs, Arion banki hf. og Kaupskil gerðu með sér hluthafasamning þann 3. september 2009, sem breytt var þann 13. janúar 2016 (hér verður vísað til hans, með breytingunum frá 13. janúar 2016, sem „**hluthafasamningsins**“), er varðar eignarhluti í Arion banka hf. (kt. 581008-0150), með skráð lögheimili að Borgartúni 19, 105 Reykjavík („**Arion**“);
- (B) við undirritun samnings þessa fer Bankasýslan fyrir hönd íslenska ríkisins með 260.000.000 hluti í Arion, að nafnverði 260.000.000 krónur („**hlutafé ríkisins**“);
- (C) Kaupskil hefur þann 15. febrúar 2018 sent Bankasýslunni tilkynningu um nýtingu kaupréttar, sem Kaupskil eiga samkvæmt hluthafasamningnum og varðar hlutafé ríkisins („**kauprétturinn**“); og
- (D) aðilarnir stofna til samnings þessa í því skyni að ákvarða þá skilmála sem gilda skulu um nýtingu Kaupskila á kaupréttinum.

1 UPPGJÖR VEGNA NÝTINGAR KAUPRÉTTARINS

- 1.1 Með undirritun samnings þessa fer fram uppgjör á nýtingu kaupréttarins að því er varðar allt hlutafé ríkisins.
- 1.2 Í samræmi við 9. gr. hluthafasamningsins skulu Kaupskil greiða fyrir hlutafé ríkisins kr. 23.452.703.837 („**kaupréttarverðið**“), sem svarar til upphaflegs stofnverðs hlutafjár ríkisins (kr. 9.862.068.944) framreiknað með áhættulausum vöxtum að viðbættu 5% álagi (samtals 10,810%). Áhættulausir vextir eru skilgreindir sem vextir RIKH 18 1009. Samningstíminn er skilgreindur sem sá dagur sem íslenska ríkið skráði sig fyrir hlutafénu, þ.e. 18. október 2008, til 26. febrúar 2018 („**nýtingardagur**“) og skal tilgreindur sem hlutfall úr ári með þremur aukastöfum (9,494). Framreikningur er veldisreikningur. Þá eru arðgreiðslur til íslenska ríkisins á samningstímanum dregnar frá (kr. 2.680.600.000).
- 1.3 Fari greiðsla skv. gr. 2.1 í þessum samningi fram síðar en á nýtingardegi skal kaupréttarverð hækka um fjárhæð sem nemur endurútreikningi á kaupréttarverði í samræmi við forsendur útreikninga í 9. gr.

hluthafasamningi, sbr. gr. 1.2. í þessum samningi.

2 GREIÐSLA OG AFHENDING

- 2.1 Kaupskil skuldbinda sig til þess að greiða kaupréttarverðið með greiðslu inn á bankareikning íslenska ríkisins nr. 0001-26-025017 þegar allir aðilar hafa undirritað samning þennan, þó aldrei fyrr en á nýtingardegi.
- 2.2 Efni Kaupskil greiðsluskyldu sína samkvæmt grein 2.1 skal Bankasýslan án tafar senda fyrirmæli til Seðlabanka Íslands, vörsluaðila hlutafjár ríkisins, um að hlutafé ríkisins skuli afhent til Kaupskila með því að flytja það inn á vörslusafn hjá Nasdaq CSD Iceland, sem Kaupskil mun tilkynna um til Bankasýslunnar.

3 FREKARI SKULDBINDINGAR AÐILA

Aðilarnir skulu, að því marki sem eðlilegt getur talist, vinna að því markmiði að samningur þessi verði efndur samkvæmt efni sínu, meðal annars með því að undirrita nauðsynleg skjöl og aðhafast annað það sem þörf er á til þess að hann verði efndur.

4 ÝMIS ÁKVÆÐI

- 4.1 Þegar hlutafé ríkisins hefur verið afhent Kaupskilum í samræmi við grein 2.2 og Kaupskil hafa greitt kaupréttarverðið í samræmi við grein 2.1 teljast viðskiptin að fullu upp gerð.
- 4.2 Þegar greiðsla og afhending samkvæmt grein 4.1 hefur átt sér stað falla niður þau réttindi og þær skyldur sem vísað er til í ákvæði 13.3 í hluthafasamningnum, með þeim undantekningum sem raktar eru í þeirri grein.
- 4.3 Samningur þessi er gerður í fjórum eintökum og öðlast hann gildi þegar hver aðili hefur undirritað eitt eintak hið minnsta.

5 LÖG OG LÖGSAGA

- 5.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.
- 5.2 Rísi ágreiningur um efni samningsins eða túlkun hans sem aðilum tekst ekki að jafna, skal hann borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

[Undirritunarsíða fylgir]

Undirritað af)
fyrir hönd íslenska ríkisins)
fjármála- og efnahagsráðherra

Undirritað af)
fyrir hönd Bankasýslu ríkisins)

Undirritað af)
fyrir hönd Kaupskila ehf.)

Undirritað af)
fyrir hönd Kaupþings ehf.)

Paul Copley

PAUL COPLEY , CEO / BOARD MEMBER